

Svæðisráð um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

Alþingi  
Erindi nr. P 139/949  
komudagur 13.12.2010

Alþingi  
b.t. Félags- og tryggingamálanefndar

Síglufirði, 13. desember 2010

Svæðisráð um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra samþykkti á fundi sínum þann 10. desember 2010 svofellda ályktun:

Svæðisráð um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra fagnar samkomulagi sveitarfélaga og ríkisstjórnar um tilfærslu þjónustu við fatlaða til sveitarfélaganna og framkomnu frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra.

Markmið frumvarpsins eru skýr og telur svæðisráð að fyrirliggjandi samkomulag og frumvarp muni reynast gæfuspör fyrir notendur.

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa annast þennan málaflokk frá 1999 og unnið í meginatriðum eftir hliðstæðum markmiðum. Það er mat svæðisráðs að sveitarfélögunum hafi tekist að bæta þjónustu og nýta ýmsa möguleika til að laga hana betur að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.

Lögð hefur verið áhersla á samþættingu nærþjónustunnar og verulegur árangur náðst ekki síst varðandi þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Með því að eitt stjórnsýslustig hefur nærþjónustuna á hendi hafa boðleiðir styst og orðið skýrari, það dregur úr tilvísunum milli aðila og ágreiningi um hver beri ábyrgð. Fjármunir nýtast þannig betur.

Þá hefur þessi samþætting án nokkurs vafa eflt almenna félagsþjónustu á svæðinu. Þekking fagþjónustu við fatlaða og viðhorf hagsmunasamtaka fatlaðra sjálfra hafa haft mótandi áhrif á þjónustuna alla, t.d. varðandi áhrif notenda og valdeflingu.

Það er mat Svæðisráðs málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra að vel hafi til tekist í öllum meginatriðum. Ráðið hvetur því Alþingi til að veita málinu skjóta og jákvæða afgreiðslu. Jafnframt minnir ráðið á fyrri samþykkt sína um réttindagæslu fatlaðra frá 15. nóvember sem send hefur verið Alþingi og ráðuneyti.

F.h. Svæðisráðs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

Guðrún Árnadóttir  
formaður

Afrit:  
Þingmenn Norðvesturkjördæmis  
Félags- tryggingamálaráðherra